

Verðlagsstofa skiptaverðs

04 217

Ársreikningur 2025

Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum	6
Skýringar	7

Verðlagsstofa skiptaverðs

kt. 550698-2429

Borgum v/Norðurslóð, 600 Akureyri

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Verðlagsstofa skiptaverðs er ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs sem starfar á grundvelli laga um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna nr. 13/1998.

Starfsemin fellur undir málefnavið 13 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2025 var ársveltan kr. 66,5 milljónir og afkoma kr. -1,4 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -1,5 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 17,3 milljónir.

Starfsemin á árinu 2025 byggir á heimildum í fjárlögum og fjáráukalögum fyrir árið 2025. Yfirlit um stöðu fjárveitinga og breytingar ársins er á bls. 6.

Það er álit mitt að ársreikningur 2025 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu í samræmi við lög um opinber fjármál. Einnig staðfesti ég að eftirfarandi sé samkvæmt minni bestu vitund og þekkingu.

Innlétt hefur verið innra eftirlit varðandi vinnslu fjárhagsupplýsinga og meðferð fjármuna í þeim tilgangi að koma í veg fyrir og uppgötva svik og skekkjur og að ekki hafa komið upp atvik sem benda til þess að innra eftirlit sé ekki að virka sem skyldi.

Öll viðskipti á reikningsárinu sem tilheyra starfsemi ársins hafa verið færð í bókhald. Þau eru í samræmi við viðtekna viðskiptavenju og ekki hefur verið um neina óeðlilega verðlagningu að ræða.

Að útgjöld og aðrar fjármálalegar ráðstafanir hafi verið í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáráukalaga eða annarra laga sem gilda um reksturinn. Aðgreining kostnaðar milli málefnaviða/málaflokka er rétt.

Veittar hafa verið fullnægjandi upplýsingar um tengda aðila og viðskipti við þá í samræmi við lög um ársreikninga/settar reikningsskilareglur.

Allar eignir koma fram í efnahagsreikningi og fullnægjandi eignarheimildir eru fyrir öllum eignum sem fram koma í efnahagsreikningi og eignaskrá. Upplýsingar hafa verið veittar um allar kvaðir eða veðsetningar hvíla á eignum.

Áætlun um notkunartíma varanlegra rekstrarfjármuna hefur verið yfirfarin og er í samræmi við áform um notkun og við teljum lokavirði, eins og það kemur fram í eignaskrá, raunhæft.

Þær forsendur sem lagðar eru til grundvallar við reikningshaldslegt mat á viðskiptakröfum, birgðum og öðrum eignaliðum eru viðeigandi og að kröfur muni innheimtast í samræmi við matið.

Upplýsingar hafa verið veittar um allar skuldir í árslok, bæði áföllnum og skilyrtum, þar á meðal ábyrgðum sem við höfum veitt vegna þriðja aðila, skuldbindandi samningum, skaðabótakröfum, málaferli, skattaskuldir og aðrar skuldir sem geta haft veruleg áhrif á mat á fjárhagsstöðuna. Þær koma fram í ríkisreikningi og séryfirlitum með ríkisreikningi eftir því sem við á.

Veittar hafa verið upplýsingar um atburði eftir reikningsskiladag sem áhrif geta haft á mat á fjárhagsstöðuna í lok árs.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Verðlagsstofu skiptaverðs fyrir árið 2025 með rafrænni undirritun sinni.

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2025

	Skýr	2025	2024
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	66.100.000	63.900.000
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	445.998	539.845
		<hr/>	<hr/>
Tekjur samtals		66.545.998	64.439.845
Gjöld			
Laun og launatengd gjöld	3	52.483.211	49.252.834
Annar rekstrarkostnaður	4	14.536.553	17.608.490
Afskriftir og niðurfærslur	5	445.998	539.845
		<hr/>	<hr/>
Gjöld samtals		67.465.762	67.401.169
Afkoma fyrir fjármagnsliði		(919.764)	(2.961.324)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Fjármunatekjur		0	0
Fjármagnsgjöld		(434.620)	0
Gengishagnaður, nettó gengisáhrif		0	0
		<hr/>	<hr/>
		(434.620)	0
Afkoma ársins		<hr/> <hr/>	<hr/> <hr/>
		(1.354.384)	(2.961.324)

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2025

	Skýr	31.12.2025	31.12.2024
Eignir			
Tengdir aðilar	6	16.496.579	17.048.927
Varanlegir rekstrarfjármunir	7	850.129	1.094.150
Eignir samtals		<u>17.346.708</u>	<u>18.143.077</u>
Skuldir			
Aðrar skuldir	8	5.157.433	3.626.374
Tengdir aðilar	6	11.195.016	13.622.062
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda		2.445.947	991.945
Skuldir samtals		<u>18.798.396</u>	<u>18.240.381</u>
Eignir samtals að frádregnum skuldum samtals		(1.451.688)	(97.304)
Eigið fé			
Hrein eign		(1.451.688)	(97.304)
Eigið fé samtals	9	<u>(1.451.688)</u>	<u>(97.304)</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>17.346.708</u>	<u>18.143.077</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum

	Fjárveiting til rekstrar	Fjárveiting til fjárfestinga	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum 2025	65.900.000	1.900.000	67.800.000
Fjárveiting skv. fjárlögum og fjárukalögum	65.900.000	1.900.000	67.800.000
Launabætur	200.000	0	200.000
Fjárveiting ársins	66.100.000	1.900.000	68.000.000
Staða fjárveitinga fyrri ára í lok árs 2024, (umframráðstafað)	(97.304)	(102.205)	(199.509)
Fjárveiting til ráðstöfunar á árinu	66.002.696	1.797.795	67.800.491
Ráðstöfun ársins að frádregnum sértekjum	(67.454.384)	(201.977)	(67.656.361)
Staða fjárveitinga í lok árs 2025	(1.451.688)	1.595.818	144.130

Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2025	31.12.2024
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	850.129	1.094.150
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað)	1.595.818	(102.205)
	<u>2.445.947</u>	<u>991.945</u>

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds. Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda. Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggja atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur vegna skuldabréfaeignar eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu og vaxtatekjur krafna eru tekjufærðar eins og þær falla til nema vafi leiki á um innheimtu þeirra. Vaxtatekjur af almennum bankainnistæðum færast hjá ríkissjóði. Vaxtagjöld færast til gjalda þegar þau falla til.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í yfirlit um afkomu sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggja kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörstigi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður 3-10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Skýringar

Vaxtagjöld af lánum sem tekin hafa verið til þess að fjármagna kaup á varanlegum rekstrarfjármunum eru eignfærð á þeim tíma sem tekur að koma þeim í nýtingarhæft ástand. Önnur vaxtagjöld eru gjaldfærð í yfirlit um afkomu. Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Aðrar skuldir

Aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2025	2024
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Tekjufærsla fjárveitinga	66.100.000	63.900.000
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	445.998	539.845
	<u>66.545.998</u>	<u>64.439.845</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	65.900.000	0	0	65.900.000
Launabætur	200.000	0	0	200.000
Fjárveiting til tekna	66.100.000	0	0	66.100.000
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum .	(67.454.384)	0	0	(67.454.384)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	(1.354.384)	0	0	(1.354.384)

	2025	2024
3 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður		
Laun	41.012.194	39.498.531
Breyting á áföllnu orlofi	1.539.801	467.211
Launatengd gjöld	9.380.916	9.031.093
Samtals launakostnaður	51.932.911	48.996.835
Starfsmannakostnaður	550.300	255.999
	<u>52.483.211</u>	<u>49.252.834</u>
Meðalfjöldi stöðugilda	3,0	3,3

	2025	2024
4 Annar rekstrarkostnaður		
Ýmis tæki og áhöld	353.589	98.973
Orkugjafir	12.081	25.776
Matvæli	435.383	456.276
Vörukaup, almenn	801.053	581.025
Ferðir, uppihald	1.007.330	194.714
Akstur	138.807	115.187
Sérfræðipjónusta	610.940	15.732.747
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	14.638	13.203
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	24.280	0
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	11.949	0
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðipjónusta	1.807.944	16.055.851
Afnotagjöld	705.204	831.059
Leigugjöld	57.196	52.800
Verkkaup	0	87.755
Kostnaðarhlutdeild	11.165.156	0
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	11.927.556	971.614
Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>14.536.553</u>	<u>17.608.490</u>

Skýringar

	2025	2024
5 Afskriftir og niðurfærslur		
Áhöld, tæki og búnaður	445.998	539.845
	<u>445.998</u>	<u>539.845</u>

6 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

	31.12.2025	31.12.2024
Viðskiptareikningur við ríkissjóð	16.496.579	17.048.927
Skuldir við tengda aðila	(11.195.016)	(13.622.062)
	<u>5.301.563</u>	<u>3.426.865</u>

	31.12.2025	31.12.2024
7 Varanlegir rekstrarfjármunir		

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Áhöld, tæki og búnaður	850.129	1.094.150
	<u>850.129</u>	<u>1.094.150</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2025:

	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Fasteignir	Aðrar eignir	Samtals
Staða 01.01.2025	3.333.536	0	0	0	3.333.536
Viðbætur á árinu	201.977	0	0	0	201.977
Selt/úrelt á árinu	0	0	0	0	0
	<u>3.535.513</u>	0	0	0	3.535.513
Afskriftir 01.01.2025	2.239.386	0	0	0	2.239.386
Afskrift ársins	445.998	0	0	0	445.998
Selt/úrelt á árinu	0	0	0	0	0
	<u>2.685.384</u>	0	0	0	2.685.384
Staða 31.12.2025	<u>850.129</u>	0	0	0	850.129

	31.12.2025	31.12.2024
8 Aðrar skuldir		
Áfallið og ógreitt orlof	5.091.777	3.551.976
Viðskiptaskuldir	65.656	74.398
	<u>5.157.433</u>	<u>3.626.374</u>

Skýringar

9 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2025	31.12.2024
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	(97.304)	2.864.020
Afkoma ársins	(1.354.384)	(2.961.324)
Jöfnuður 31.12.	<u>(1.451.688)</u>	<u>(97.304)</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.